



SIÐMENNT
Félag siðrænna húmanista á Íslandi
Hallveigarstöðum
Túngötu 14, 101 Reykjavík
sidmennt.is
sidmennt@sidmennt.is

Til skólayfirvalda sveitarfélaga

Reykjavík, 1. desember 2015

Efni: Kirkjuheimsóknir og samskipti skóla og trúfélaga

Við hjá Siðmennt finnum alltaf fyrir því þegar jólin nálgast. Við fáum töluvert af fyrirspurnum vegna kirkjuferða opinberra skóla og leikskóla í mörgum sveitarfélögum. Siðmennt leggur til að tekið verði fyrir slíkar heimsóknir.

Í fyrsta lagi ríkir trúfrelsi á Íslandi. Það þýðir að allir hafa rétt til þess að trúa á það sem þeir kjósa en einnig rétt á að vera án trúar. Það er ekki hlutverk opinberra skóla að taka þátt í trúarinnrætingu eða trúariðkun.

Í öðru lagi er mörgum foreldrum misboðið þar sem þeir telja að verið sé að taka fram fyrir hendur þeirra í uppeldi barna sinna. Verið sé að ala þau upp í annarri lífsskoðun en þau aðhyllast. Það eru ekki mannréttindi að fara í kirkju á vegum opinberra skóla. Mannréttindasáttmáli Evrópu getur þess sérstaklega en þar segir í 2. gr. samnings-viðauka nr.1:

Réttur til menntunar

Engum manni skal synjað um rétt til menntunar. Hið opinbera skal í öllum ráðstöfunum sínum, er miðað að menntun og fræðslu, virða rétt foreldra til þess að tryggja það að slík menntun og fræðsla sé í samræmi við trúar- og lífsskoðanir þeirra.

Í þriðja lagi er skólinn fyrir öll börn. Sumir skólar hafa brugðið á það ráð að bjóða upp á valkost sem felst í því að börn verði eftir og geri eitthvað annað. Það er gegn anda skólastarfs að aðgreina börn með þessum hætti. Í mismunandi hópa: börn sem fara í kirkjur – börn sem ekki fara í kirkjur. Í tilmælum Menntamálaráðuneytisins frá 2013 til sveitarfélaga vegna samskipta skóla og trúfélaga segir:

Eftir fremsta megni skal forðast að nemendur og foreldrar séu settir í þá aðstöðu að þurfa að gera grein fyrir lífsskoðunum sínum.

Í aðalnámskrá grunnskóla stendur:

Mikilvægt er að skólinn sýni nærgætni og skilning þegar fjallað er um málefni sem tengjast heimilum, t.d. neyslu- og lífsvenjur. Þetta á sérstaklega við um trúar- og lífsskoðanir.

Í siðareglum kennara segir:

Kennurum ber að hafa jafnrétti allra nemenda að leiðarljósi í skólastarfi. Kennarar eiga að vinna gegn fordómum og mega ekki mismuna nemendum t.d. vegna kyns, þjóðernis eða trúarbragða.

Þriðja málsgrein 24. greinar grunnskólalaga (nr. 91/2008) hljóðar svo:

Markmið náms og kennslu og starfshættir grunnskóla skulu vera þannig að komið sé í veg fyrir mismunun vegna uppruna, kyns, búsetu, stéttar, trúarbragða eða fötlunar.

Líklega er það brot á persónuverndarlögum að aðgreina börn eftir trúar- og lífsskoðunum foreldra.

Í **fjórdða lagi** er ekki löng hefð fyrir kirkjuheimsóknum eins og stundum er haldið fram. Þær hafa verið að ryðja sér til rúms síðastliðin 10-20 ár. Að auki er ekki alltaf gagnlegt að vísa til hefða þegar kemur að skólastarfi. Hefðir, sem áður voru taldar ágætar, geta verið andstæðar réttindum fólks í dag. Í dag er samfélagið verulega frábrugðið því einsleita samfélagi sem hér var fyrir nokkrum áratugum síðan.

Í **fimmta lagi** verður að gera greinarmun á fræðslu og boðun. Hlutverk skólans er að fræða en hlutverk kirkjunnar er boðun. Boðun trúar er ekki hlutlæg fræðsla.

Í **sjötta lagi** virðast sumir álíta að skilgreiningin á mannréttindum sé sú að meirihlutinn sé að vilji og áherlsur meirihlutans ráði ferð í öllum tilvikum. Þetta er augljóslega rangt. Kjarninn í allri mannréttindabaráttu og markmið flestra stjórnarskráa er þvert á móti að tryggja réttindi einstaklinga gagnvart ríkisvaldinu sem og minnihlutans gagnvart ofríki meirihlutans. Þannig er leitast við að tryggja almenn mannréttindi í stjórnarskrám svo að ekki sé hægt að ganga á rétt annarra í krafti meirihluta.

Siðmennt hefur hvatt alla sem leita til félagsins að senda skólayfirvöldum kvartanir sínar en einnig til þeirra nefnda sveitarfélaga sem fjalla um mannréttindi. Margir foreldrar vilja ekki kvarta beint við skólana af hræðslu við að spilla sambandi foreldra, barns og skóla. Í tilmælum Menntamálaráðuneytisins til sveitarfélaga er hvatt til þess að þau setji sér sambærilegar reglur um samskipti skóla og trúfélaga eins og gert var í Reykjavík.

Siðmennt hvetur því sveitarfélög til þess að taka fyrir allar heimsóknir í kirkjur og virða rétt foreldra að ala barn sitt upp í eigin lífsskoðun. Skóli og trúarinnræting fer ekki saman.

F.h. Siðmenntar

Bjarni Jónsson
Framkvæmdastjóri